Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

# Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

4. tbl. Þriðjudagurinn 23. janúar 1979 8. árgangur verð kr. 100.-

# LOFORÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR ERU ÓKEYPIS - en efndirnar þarf að kaupa!

Ríkisstjórnin lofaði að samningar skyldu í gildi og að þá ætti að virða.
Hún lofaði einnig að veita BSRB fullan verkfallsrétt.
Nú standa málin þannig að til að BSRB fái smávið-bót við verkfallsrétt sinn þurfa ríkisstarfsmenn að afsala sér umsaminni kauphækkun sem á að koma til framkvæmda 1. apríl n.k..
Auk þess voru samningarnir aldrei settir í gildi að fullu.

Nýjasta tilboð ríkisstjórnarinnar gekk í þá átt að samningstíminn skyldi óbundinn og kjaranefnd (sem endanlega úrskurðar um sérkröfur) lögð niður en þess í stað félli niður umsamin 3% kauphækkun 1. apríl n.k.. Þannig ætlar ríkisstjórnin í fyrsta lagi ekki að veita fullan verkfallsrétt og í öðru lagi að láta þennan litla réttindaauka kosta 3% af kaupi opinberra starfsmanna!

Einnig gengur hugmynd ríkisstjórnarinnar út á það að aðalsamninganefnd BSRB semji um sérkröfur félaganna.

Hvað þýðir þetta?

Í fyrsta lagi þýðir þetta það að ríkisstjórnin getur skert kaupið 1. apríl auk vísitöluskerðinga og haldið því fram að hún hafi gert það "eftir samráði við launþega". "Samráðið" þýðir nefnilega það eitt að fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna innan stjórna stéttarfélaganna "láta" samþykkja kjaraskerðingu.

Í öðru lagi stóreykur þetta miðstjórnarvald innan BSRB þar sem stjórn og samninganefnd samtakanna fengi í sínar hendur samningsrétt í aðal-og sérkröfum. Að sama skapi minnkar þetta lýðræðislega uppbyggingu BSRB. Aðildarfélögin verða nánast starfslaus þar sem kjaramál verða að langmestu utan þeirra verkahrings.

Ríkisstjórnin er að reyna að koma á nk. ASÍ eða VSÍ skipulagi á BSRB, þar sem fáeinir menn taka ákvarðanir í nafni fjöldans. Þessir fáeinu menn eru einmitt framámenn í flokkunum, einkum Alþýðubandalaginu.

Opinberir starfsmenn verða að vera á varðbergi gagnvart því makki sem nú fer fram milli forystumanna BSRB og ríkisstjórnarinnar. Hér er ekki aðeins um að ræða stundarhagsmuni heldur og spurninguna um skipulag samtakanna og samningsréttinn.



Nýju húsin á samyrkjubúinu í Kandal Stung héraðinu eru einföld, aðlaðandi timburhús sem hafa risið í þúsundatali víðs vegar um Kambódíu á tímabili stjórnar Pol Pots. Húsin eru hönnuð með tilliti til náttúrulegra aðstæðna hverju sinni og staðsett þar sem lífsbjargir er að hafa fyrir kamputseönsku þjóðina. Lífsskilyrðum fólksins er ekki saman að jafna við það sem áður var.

# Víetnam burt úr Kamputsea!

Það er greinilegt á viðbrögðum út um allan heim að almenningsálitið er sterklega gegn innrás víetnama.

Blöð, stjórnmálaflokkar og ríkisstjórnir um allan heim hafa fordæmt innrásina. Raunar er miklu auðveldara að hafa tölu á þeim sem styðja innrásina.

Fyrir utan Sovétríkin og Víetnam eru það Austur-Evrópuríki nema Rúmenía, Kúba og fáein önnur sem eru undir handarjaðri sovésku heimsvaldastefnunnar. Að auki eru moskvusinnaðir "kommúnistaflokkar" í Evrópu á bandi innrásarliðsins. Til dæmis hefur franski "kommúnistaflokkurinn" stutt innrásina og þannig kynnt sig sem þjón Moskvu. Auk þessara styðja að sjálfsögðu trotskíistar, hérlendis og erlendis, heimsvaldaáform Sovétríkjanna.

## Mótmæli á Íslandi

Andstaða og mótmæli gegn innrásinni hafa einnig verið hér á landi. Samtök Marx-lenínista á Íslandi, Kommúnistaflokkur Íslands og EIK, hafa harðlega fordæmt innrásina og bent á hlutverk víetnama sem handbendi sovésku heimsvaldasinnanna.

Alþýðubandalagið þorir hins vegar í hvorugan fótinn að stíga. Þeir, eins og Örn Ólafsson fyrrv. formaður Víetnamnefndarinnar, vilja helst vera "hlutlausir" í þessu máli. Örn Ólafsson ber fyrir sig upplýsingaskort en Þjóðviljinn býður upp á vangaveltur um það hvort innrásin hafi verið "góð eða vond".

Þjóðviljinn tekur síðan undir árásirnar á Pol Pot-stjórnina og leggur þannig sitt af mörkum til að réttlæta innrásina eins og víetnamar og sovétmenn gera.

Ef Þjóðviljinn meinar eitt-

Framhald á síðu 3

# Starfsstúlkur: Fleiri gera kröfur

Verkfall starfsstúlkna við sjúkrahúsið á Akranesi hefur vakið mikla athygli meðal annara starfsstúlkna. Strax og fréttist um þann árangur sem þar náðist, felldu starfsstúlkur í Vestmannaeyjum nýgert samkomulag við sjúkrahúsið þar. Munu þær taka upp kröfur sínar á ný með hliðsjón af samkomulaginu á Akranesi.

Umræður eru víðast miklar meðal starfsstúlkna á sjúkrahúsum og eru bæði þær og ýmis verkalýðsfélög farin að hugsa sér til hreyfings.

## Hvað gerir Sókn?

Athygli vakti að engin stuðningsyfirlýsing barst frá Sókn meðan á verkfallinu stóð. Að samningunum loknum koma hins vegar yfirlýsingar Aðalheiðar um að misréttið hafi ekki verið að fullu afnumið með þessu, en að því beri auðvitað að stefna og sé Sókn nú að "hugsa" málin.

"Hugsun" Sóknar hefur fram til þessa ekki náð til framkvæmda. Forystan hefur grátið opinberlega yfir óréttlæti því sem láglaunakonur búi við en staðið gegn hverri viðleitni til baráttu. Hingað til hefur Sókn t.d. ekki tekið þátt í verkföllum.

Nýlega samdi Sókn um hærra vaktaálag. Sá samningur mætti harðri andstöðu starfsstúlkna sem töldu hann ganga allt of skammt. Þá fullyrti forystan að meiru væri ekki hægt að ná og afboðaði verkfall sem samþykkt hafði verið til stuðnings kröfum kvennanna.

Konurnar á Akranesi hafa lýst yfir að við næstu heildarsamninga muni þær ná því fram sem á vantar nú að þær fái kröfum sínum fullnægt.

Ef stjórn Sóknar fær til þess frið, bendir allt til þess að hún ætli að bíða með allar aðgerðir fram til þess tíma. Þangað til mun hún láta sér nægja gamalkunnugt málæði.

Ætlar Sókn að láta önnur félög um baráttuna og fleyta svo rjómann af samningum þeirra? Eða ætlar Sókn sem stærsta félag starfsstúlkna að beita mætti sínum til að ná fram kröfunum?

Eitt er víst, til þess að viðunandi samningar náist verða starfsstúlkurnar sjálfar að beita þrýstingi og sjá til þess með hörku að kröfurnar náist fram.

## Við hverju var að búast?

Verkalýðsfélagið á Akranesi stóð sig betur en önnur verkalýðsfélög hafa gert. Það hefði getað staðið sig betur, en var við því að búast?

Verkalýðshreyfingin hefur verið í algerri ládeyðu mörg undanfarin ár. Það er því ekki við því að búast að eitt félag breyti þar allt í einu um og taki upp ósveigjanlega baráttu. Það sem gerðist á Akranesi er spor í rétta átt og því verður að halda áfram. Það tekur tíma að þjálfa upp nýjar baráttu aðferðir og einörð verkalýðsbarátta er jú nýmæli í verkalýðshreyfingunni eins og ástatt er fyrir henni nú.

Harðar aðgerðir mæta nú mótspyrnu frá verkalýðsaðlinum og óvirkri samstöðu frá verkafólki sem hefur ekki reynt þær í verki árum saman og veit því ekki á hverju það á von.

Það þarf að vinna einarðri verklýðsbaráttu hefð hér. Einhverjir verða að vera fyrstir til þess. Róðurinn verður erfiður í fyrstu hörðu aðgerðunum en verkafólk má ekki láta það hræða sig frá baráttu. Rolugangurinn hefur sýnt sig í að skila aðeins ósigri. Næst er að láta reyna á samtakamáttinn og knýja málin í gegn.

LEIÐARI

# Verkalýðsstéttin borgar verðbólgugróða auðvaldsins

Hin svokallaða vinstristjórn hefur nú hafið mikla sparnaðarherferð til þess að berjast gegn verðbólgunni eftir því sem okkur er sagt. En hverjar eru afleiðingar þessarar stefnu fyrir verkalýðinn og atvinnuöryggi okkar.?

Dregið hefur verið út öllum framkvæmdum á vegum ríkisins jafnframt því sem allar álögur eru stórleg hækkaðar, skattar og opinber gjöld.

Þetta hefur haft þegar það í för með sér að framkvæmdir hafa minnkað og atvinnuleysi hefur tölurvert aukist. Vinstri stjórnin eykur álögur á launþegum og stendur að skerðingu á atvinnumöguleikum, en engin árangur hefur náðst í baráttunni gegn verðbólgunni.

Efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar beinast ekki gegn verðbólgunni þær eru bein árás á kjör og lífsafkomu launþega og þjóna eingöngu stórum auðfélögum, sem ein fá þá fyrirgreiðslu sem þau þurfa.

Allar líkur eru á því að þessar ráðstafanir verði til þess að draga enn meir úr atvinnumöguleikum smáfyrirtækja og gera auðvaldinu auðveldar að halda niðri laununum vegna aukins atvinnuleysis.

Það verður því ekki annað sagt en þessar ráðstafanir séu árás á kjör og lífsafkomu launþega, stórkapítalistum til hagsbóta í þeirri óðaverðbólgu sem nú ríkir. Verkafólk hlýtur að mótmæla slíkri stefnu og heimta raunhæfar aðgerðir í baráttunni gegn verðbólgunni. Þær ráðstafanir verða einnig að tryggja fulla atvinnu.

Þær ráðstafanir sem nú er verið að gera eru gerðar til að vernda gróða stórfyrirtækja og auðfursta. Þessu verður að breyta með því að skattleggja gróða stórfyrirtækjanna og fjármálabraskara. Auknar skattálagningar launþega verður að stöðva og allar verðhækkanir verða að vera undir ströngu eftirliti, sem ekki leyfir kapítalistum að velta hækkunum sjálfkrafa út í verðlagið.

Sú sjálfvirkni sem hér hefur ríkt í verðlagsmálum er algjörlega óviðunandi og meginástæðan fyrir þeirri óðaverðbólgu, sem hér ríkir.

Verkalýðsfélögin verða að setja fram kröfuna um að auðvaldið verði látið borga eigin kreppu, sem efnahagskerfið á nú í. Einnig að engar ráðstafanir verði gerðar sem stuðla að atvinnuleysi. Ef þetta verður ekki gert eru allar líkur á því að innan ekki langs tíma verði hér atvinnuleysi í svo miklum mæli að það hafi mjög alvarlegar afleiðingar fyrir verkafólk og aðra launþega.

Launþegar geta greinilega ekki lagt traust sitt á vinstri stjórnina. Það eru aðeins verkalýðsfélögin sem fær eru um að hrinda slíkri stefnu í framkvæmd

## HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 16:00 - 18:30.

HELLISSANDUR
Sigfús Almarsson
Hellisbraut 10.

HORNAFJÖRÐUR
Margrét Einarsdóttir
Silfurbraut 2

HAFNARFJÖRÐUR
Fjóla Rögnvaldsdóttir
Reykjavíkurvegi 24.

AKUREYRI
Jón Atli Játvarðsson
Skarðshlíð 30.

KEFLAVÍK
Einar Jónsson
Sólvallagötu 40c.

SVÍÞJÓÐ
Kristján L. Guðlaugsson
Kämnärsvägen 11 N:220
222 46 LUND





STÉTTABARÁTTAN - VIKULEGT MÁLGAGN KOMMÚNISTAFLOKKS ÍSLANDS/ML.

Ársáskrift: 3600 kr.
Hálfsárs : 1800 kr.
Ársfjórðungs: 1000 kr.
Baráttuáskr.: 5000 kr.

Lesið og breiðið út blað verkalýðsins - STÉTTABARÁTTUNA.

Vilt þú fylgjast með baráttu verkalýðsstéttarinnar á Íslandi og um alla veröld?

Þá lest þú STÉTTABARÁTTUNA - eina kommúníska vikublaðið á Íslandi.

Vilt þú fylgjast með vexti kommúnísku hreyfingarinnar á Íslandi?

Þá kaupir þú STÉTTABARÁTTUNA - eina kommúníska vikublaðið á Íslandi.


RAUDUR VETTVANGUR frá lesendum

RAUDUR VETTVANGUR frá lesendum

# Lesandabréf

Í Stéttabaráttunni 10.1.79 er grein um réttindi ófrískra kvenna. Þetta er mjög þörf grein og ég vil þakka Stéttabaráttunni fyrir hana.

Það sem þarna var dregið fram í dagsljósið varðandi fæðingarorlofið og misréttið og svínaríið í kring um það voru orð í tíma töluð.

En það var eitt sem mér fannst vanta. Það er rétt að allar konur ættu að hafa rétt á 6 mánaða fæðingarorlofi. Það er ekki til of mikils mælst. Hins vegar fannst mér eitt gleymast og það er að konur eiga börnin ekki einar. Karlmenn ættu líka að eiga rétt á að fá frí þegar fjölgar í fjölskyldunni. Því oft er erfitt fyrir konuna að vera ein með barnið eða börnin fyrst eftir fæðinguna. Margar ástæður geta legið til þess, s.s. erfið fæðing eða veikindi móður eða barns. Svo er það þannig t.d. hjá ríkisspítölunum að kona sem fer í fæðingarfrí og á börn á barnaheimili missir dagheimilisplássið þegar hún byrjar í fríinu.

Þetta er algerlega ófært, bæði er þetta álag á konuna og veldur líka óþarfa röskun fyrir börnin. En þetta er líka lúmsk aðferð til að hræða konur frá að "hrúga niður börnum", að skerða atvinnuöryggi þeirra í refsingarskyni.

Oft getur það líka verið hagstæðara fyrir foreldrana að skipta fæðingarorlofinu milli sín (þ.e. ef um 6 mán. er að ræða). Forsendan fyrir þessu er þó eins og bent var á í greininni að almannatryggingar taki við greiðslu þessa orlofsfjár. Sem er sjálfsagt því þetta getur jú komið fyrir alla.

ÚR BARÁTTUNNI

STÉTTARFÉLÖG KENNARA SAMEINAST

Tilkynnt hefur verið að kennarar í Félagi menntaskólakennara og Félagi háskólamenntaðra kennara hafi ákveðið að sameinast í ein og ný samtök.

Þetta hlýtur að skoðast sem stórt skref í þá átt að sameina alla kennara í ein samtök. Alltof lengi hefur sundrung kennara í mörg félög verið notuð til að skapa óeiningu og til að viðhalda óréttlátum launamismun kennara.

Þetta má ekki vera annað en fyrsta skrefið. Önnur félög kennara verða að taka þessi mál upp af festu og einlægni.

Með þessu er höggvið á þann hnút sem þessi mál hafa verið í lengi.

# Kjaraskerðing BHM-manna

Í fréttabréfi BHM (bandalags háskólamanna) er að finna skrá yfir kauprán ið s.l. ár miðað við 5 valda launaflokka.

Vegna vísitöluþaksins hefur kaupránið þarna verið tölu-vert mikið.

Gaman væri ef forysta ASÍ eða BSRB gæfu út samskonar tölur fyrir þá launþega.

En greinin og taflan úr fréttabréfi BHM er birt hér.

### KAUPRÁNIÐ

Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna launahækkana 1. desember s.l. var enn gengið freklega á hlut launþega, og þá sérstaklega ríkisstarfsmanna í BHM. Framlenging vísitöluþaksins veldur sífellt meira óréttlæti, þar sem ríkið mun nánast vera eini vinnuveitandinn, sem tekur mark á því. Hjá Reykjavíkurborg verður það t.d. afnumið frá og með 1. janúar 1979. Flest stærri bæjarfélög landsins munu hafa sama hátt á og Reykjavíkurborg eða hafa jafnvel tekið samninginn í gildi fyrr.

Auk vísitöluþaksins voru verðbætur skertar 1. desember s.l. vegna félagslegra umbóta, sem áttu að metast sem 3% í launum, og vegna skattalækkunar, sem átti að metast sem 2% í launum. Fram til þessa hefur félagsmönnum BHM ekki verið boðið upp á neinar félagslegar umbætur. Skerðing verðbóta vegna þeirra er því hreint kauprán. Skattalækkunarinnar munu sennilegar mjög fáir félagsmanna BHM njóta. Skerðing verðbóta vegna hennar er því að stærstum hluta hreint kauprán.

Verðbætur voru einnig skertar með auknum niðurgreiðslum í september (8%) og desember (3%).

Sé ekki litið á skerðingu verðbóta vegna aukinna niðurgreiðslna sem kjaraskerðingu, er kjaraskerðingin eftirfarandi í einstökum launaflokkum:

| | Lfl.105 | Lfl.110 | Lfl.112 | Lfl.114 | Lfl.117 |
|---|---|---|---|---|---|
| Sept. | 0 | 2,9% | 4,1% | 5,3% | 7,6% |
| Des. | 4,5% | 7,9% | 9,4% | 10,7% | 12,3% |

Kaupránið 1978.

| Lfl. | Mars, | Apríl, | Maí, | Júní, | Júlí, | Ágúst, | Sept., | Okt., | Nóv., | Des., | Samtals. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 105 | 10þús | 10þús | 10þús | 20þús | 20þús | 20þús | 0 | 0 | 0 | 13þús | 103 þús. |
| 110 | 12þús | 12þús | 12þús | 30þús | 30þús | 30þús | 9þús | 9þús | 9þús | 27þús | 180 þús. |
| 112 | 13þús | 13þús | 13þús | 33þús | 33þús | 33þús | 14þús | 14þús | 14þús | 35þús | 215 þús. |
| 114 | 14þús | 14þús | 14þús | 36þús | 36þús | 36þús | 19þús | 19þús | 19þús | 43þús | 250 þús. |
| 117 | 16þús | 16þús | 16þús | 39þús | 39þús | 39þús | 26þús | 26þús | 26þús | 54þús | 297 þús. |

Hve mikið verður kaupránið 1979?

| Lfl. | Jan., | Febr. | Mars. | Apr. | Maí, | Júní, | Júlí, | Ág. | Sept. | Okt. | Nóv. | Des., | Samtals. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 105 | 13þús | 13þús | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? |
| 110 | 27þús | 27þús | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? |
| 112 | 35þús | 35þús | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? |
| 114 | 43þús | 43þús | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? |
| 117 | 54þús | 54þús | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? | ? |

 Heimshorna á milli

# Úr skýrslu CIA: Kampútsea og Pol Pot

Góð aðferð til að afsanna lygar er að vitna í framburð lygarans og rannsaka röksemdir hans. Bandaríska blaðið The Call, málgagn kommúnistaflokks Bandaríkjanna, beitti þessari aðferð gegn lygum Bandaríkjastjórnar um Kampuchea áður en víetnamar réðust inn í landið.

Blaðamenn The Call komust yfir nýlega skýrslu stjórnarinnar um nýfrjálsu ríkin í Suðaustur-Asíu. Innifalið í þessari skýrslu voru frásagnir flóttamanna, njósnara CIA í Suðaustur-Asíu og sendiráðs fólks USA í Thailandi.

Í skýrslunum eru allskyns lygar, lausafréttir og gróusögur settar fram sem algildur sannleikur enda er sá tilgangur þeirra. En þrátt fyrir það neyðast starfsmenn CIA til að segja frá og virða árang ur Kampucheamanna á sviði landbúnaðar, efnahagslegrar uppbyggingar, heilsugæslu og velferðar íbúanna auk annars.

Skýrsla frá 31. mars 1976:

"Við neyðumst til að viðurkenna undrun okkar vegna ríkulegrar uppskeru í Kampuchea. Samt var margt sem gerði landbúnaði erfitt fyrir, svo sem rigningar og flóð, margir akrar eru ræktaðir í fyrsta sinn í mörg ár, fyrrverandi borgarbúar eru illa vanir þessari vinnu og skortur á áburði..."

Þessi skýrsla var samin síðar

"Í þorpi nálægt Samrong reyndi fólk í fyrra að fá þrjár uppskerur sama ár.... og nú er þetta fólk í þeirri óþægilegu aðstöðu að þurfa að skera upp og planta hrísgrjónajurtum samtímis." Þessi stórkostlegi árangur meðal annars gerði Pol Pot stjórninni kleift að brauðfæða alla landsmenn. Íslenska ríkisútvarpið og ýmsir minni og stærri spámenn íhaldsins, svo sem Elín Pálmadóttir héldu sig hins vegar við lygasögurnar sem frúin lærði í Thailandi.

Skýrsla frá 21. september ´76:

"Allskyns verksmiðjur eru endurreistar og myllur eru í notkun í héraðinu Battambang ... járnbrautir eru í notkun".

Í þessari skýrslu er einnig sagt frá samskiptum milli alþýðunnar og félaga, leiðandi og annarra, í kommúnistaflokki Kampuchea:

"Venjulega er orðið "mit" sem þýðir vinur notað í samtali KK (Kampucheanska kommúnista) og alþýðumanna í þorpunum. Orðið "mit" hefur leyst orðið félagi af hólmi ... þar sem KK og alþýðumenn hafa mikil samskipti nota þeir annað orð, þ.e. "bong paon", en það þýðir bróðir."


Fleiri hlutar skýrslunnar gengu í þessa átt. Þetta eru fulltrúar flokksins, ríkisstjórnarinnar og hersins sem samkvæmt ríkisútvarpinu og frú Elínu myrtu 2-3 miljónir. Þeir eru bræður alþýðumanna í þorpunum.

Næsta tilvitnun lýsir lýðræðislegu viðhorfi Byltingarhersins til alþýðunnar.

"Herinn ræktar sín eigin matvæli til að verða ekki byrði á fólkinu. Færri en 20 og stundum færri en 10 hermenn eru skráðir í samyrkjubúi með allt að 2500 íbúa."

Þannig má sjá að meira að segja starfsmenn CIA, sem kalla nú ekki allt ömmu sína, geta ekki látið frá sér fara skýrslu ætlaðar til að sverta Kampuchea og Pol Pot stjórnina án þess að hið sanna komi í ljós hér og þar.

Samt tekst frú Elínu Pálma og sumum fréttamönnum útvarps það.



Kampucheanskir bændur undirbúa akurinn fyrir sáningu.



Sjálfskaparvíti Sómósa.

# Vopnuð barátta gegn einræðinu í Nicaragua

Samkvæmt fréttum Xinhua frá 6. jan. hafa íbúar Nicaragua aftur tekið til við vopnaða baráttu gegn Somosa einræðisherra.

Bardagar urðu æ ofan í æ milli fólksins og Þjóðvarðliða og sprengjur voru sprengdar í höfuðborginni og auk þess borgunum Leon, Masaya, Eskl Tipitapa o. fl. Miklar mótmæla aðgerðir gegn einræðisherranum í mörgum borgum landsins.

Miklir bardagar urðu einnig milli skæruliða og hersveita einræðisstjórnarinnar 30. des. sl. Þeir urðu aðallega í fjallahéraðinu Achuapa, um 30 kílómetra norður af höfuðborginni. Einræðis stjórnin hefur sent flugvélar til sprengjuárása á þetta svæði.

Vopnaða baráttan gegn einræðisstjórn Somosa jókst um og eftir áramótin um leið og leið að því að ár væri liðið frá morði Pedro Joaquins Chamarro. Hann var myrtur 10. jan. 1978 en hann hafði verið leiðtogi andspyrnunnar gegn Somosa. Morðið á Pedro Chamarro var neistinn sem kveikti bálið og leiddi til almennrar vopna-og verkfallsbaráttu gegn Somosa þótt einræðisherranum tækist að brjóta þær aðgerðir á bak aftur, sýna nýorðnir atburðir að jafnvíst er að aftur mun hitna kringum hann.

# Falsað skeyti til öryggisráðs SÞ

Sovétmenn gripu til örþrifaráða til að reyna að koma í veg fyrir að Öryggisráðið fjallaði um innrás víetnama í Kampuchea.

Þeir komu fram í Öryggisráðinu með skeyti sem þeir sögðu vera frá leppstjórn víetnama í Kampuchea. Í skeytinu voru fulltrúar í Öryggisráðinu beðnir að bíða með að fjalla um málið þar til fulltrúi leppstjórnarinnar kæmi til New York. Að auki var þess krafist að hann fengi að vera viðstaddur.

Í ljós kom að skeytið var að vísu skrifað á eyðublað frá RCA fyrirtækinu, sem hefur slíkan rekstur á sinni könnu, en það var útfyllt rangt og á það vantaði venjulegar útfyllingar.

Fulltrúi RCA lýsti einnig yfir að beiðni kínverskra fulltrúa að það væri ekki hægt að senda skeyti beint frá Phnom Penh til New York.

Kínverski fulltrúinn ásakaði síðan rússa um að hafa haft hönd í bagga með fölsunina. Þessari ásökun var hvorki mótmælt af fulltrúa rússa né víetnama.

Á dögunum var einnig sagt frá því í Kuwait að rússneski sendiherrann hefði gengið á fund utanríkisráðherra Kuwait og beðið hann um aðstoð við að fá máli Kampuchea vísað frá S.Þ. Utanríkisráðherrann svaraði með því að fordæma innrás víetnama.

Þessar tvær litlu sögur segja dálítið um starfsaðferðir rússnesku heimsvaldasinnanna. Þeir forðast opinskáar og heiðarlegar aðferðir eins og allir sem hafa eitthvað að fela.



Kambódíumenn að störfum út á landsbyggðinni. Hvar eru nú þeir vopnuðu verðir sem við erum frædd um af hinum vestrænu fjömiðlum að alls staðar vakti vinnandi fólk í landbúnaðinum.

Framhald af forsíðu.

VÍETNAM BURT ÚR KAMPUTSEA:

hvað með slagorðinu um "málgagn þjóðfrelsis" þá hlýtur hann að fordæma innrásina.

Það þarf ekkert að bera fyrir sig staðreyndaskort. Staðreyndir málsins eru einfaldar. Víetnamar gerðu innrás í Kampuchea og allir sem vilja að virt sé sjálfstæði annars ríkis hljóta að fordæma slíka innrás, alveg burtséð frá því hver á í hlut.

Við getum ekki annað en litið á afstöðu Þjóðviljans sem stuðning við heimsvaldaáform Sovétríkjanna. Þjóðviljinn styður glæpaverk sovésku og víetnömsku heimsvaldasinnanna.

Íhaldspressan.

Íhaldið með Mogga-og Vísis liðið í broddi fylkingar hefur fordæmt innrásina.

En fordæming þeirra á ekkert skylt við samúð með sjálfstæðisbaráttu kúgaðra þjóða.

Þeir nota tækifærið til árása á sósíalismann og til stuðnings við Nató.

Þeir viðurkenna að Sovétríkin standi bak við innrásina og telja að þess vegna eigi að efla Nató.

Með nákvæmlega sömu rökum hefði þá íhlutun Bandaríkjanna í Víetnam og Kampuchea á sínum tíma átt að leiða til kröfu um eflingu Varsjárbandalagsins.

Afturhaldsmennirnir á Mogganum og Vísi hafa engan áhuga á sjálfstæði þjóða. Það sem þeir hafa áhuggjur af er velferð bandarísku heimsvaldastefnunnar. Þess vegna mótmæla þeir heimsvaldaaðgerðum Sovétríkjanna en styðja samskonar aðgerðir Bandaríkjanna.

Yfirgangur sovétmanna getur aldrei táknað það að efla eigi Nató nema út frá hagsmunum Natós sjálfs.

Þeir sem í raun og veru æskja friðar verða að berjast gegn báðum risaveldunum og styðja baráttu kúgaðra þjóða gegn þeim.


Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!
Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
4.tbl. 8.árg. 23.1.1979

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17
101 R

# Kúba: Aukin hervæðing

Stjórnvöld á Kúbu eru um þessar mundir að auka almenna hervæðingu landsins, samfara hernaðarbrölti og þjónustu við heimsvaldaáform Sovétríkjanna í Afríku.

Íbúar Kúbu eru aðeins 9 milljónir en samtals eru í hernum 189.000 manns. Af þeim eru 160.000 í almennri herþjónustu, 9000 í sjóhernum og 20.000 í flughernum. Að auki hefur stjórnin annan liðsauka, svo sem 10.000 öryggisverði og 3000 landamæraverði.

Meðan um það bil fjórðungur hersins er erlendis, aðallega í Afríku, er stjórnin nú að taka ákvarðanir um stækkun hersins og varaliðsins. Stjórnin reynir að kalla í herinn þegna allt niður í 16 ára gamla auk allra á aldrinum 17 til 55 ára og kvenna á aldrinum 17 til 40 ára sem varalið, tilbúið í bardaga eftir stuttan æfingartíma.

Í júní s.l. ákvað ráðherranefnd að herfræðileg námskeið skuli haldin í menntaskólum til að þjálfa varaherforingja og liðþjálfa. Svipað er uppi á teningnum í háskólum, auk heræfinga þar. Miðskólar hafa bætt heræfingum og hernaðarfræðum á námsskrá sína.

Einnig er reynt að kenna barnaskólanemendum hugtakið "alþjóðahyggja", þ.e. útgáfu sovésku heimsvaldasinnanna, þannig að þau verði "andlega" betur undir það búin að vinna skítverkin fyrir rússnesku heimsvaldasinnana í framtíðinni.

Æfingarbúðir fyrir þjálfun yfirmanna í hernum hafa verið settar á fót víðsvegar um landið. Herskólum fjölgaði úr 9 í 16 á sl. ári. Einnig hefur verið fjölgað starfsfólki í stjórnstöðvum hermála.

Á síðasta ári fóru fram miklar heræfingar. Vopnin sem notuð eru við þessar koma frá Sovétríkjunum. Æfingarnar voru á öllum sviðum hernaðar; sjó-og flughernaðar og allt þar á milli. Að sjálfsögðu var einnig lögð áhersla á fallhlífarhermennsku.

Kúbönsk yfirvöld hafa eytt offjár, mannafli og hráefnum í hernaðarframkvæmdir og skyldar athafnir.

Fjölmiðlar þar segja að undir stjórn sovéskra sérfræðinga og ráðgjafa hafi hernaðarleg uppbygging á öllum sviðum stóraukist. Þar á meðal eru fleiri herflugvellir, hafnir fyrir herskip, hraðbrautir og járnbrautarlestir. Einnig aðstaða til að setja saman og gera við herflugvélar, skriðdreka, herskip og allskyns skotvopn. Kúbanska blaðið Verde Olive hvatti í október til þess sem kallað var: Að setja efnahagslífið á gangstig hernaðarundirbúnings. Verksmiðjur eiga að verą tæknilega tilbúnar til að sinna þörfum hersins.


Kúba byggir efnahag sinn nær eingöngu á útflutningi á sykri. Það hefur orðið ein meginástæða þess hve landið er efnahagslega og pólitískt háð helsta viðskiptalandi sínu sem er Sovétríkin.

Hernaðarbrölt kúbana erlendis, sem framkvæmt er að skipun sovésku heimsvaldasinnanna, og stórlega aukin hervæðing efnahagslífsins hefur leitt til ójafnaðar fyrir kúbanska alþýðu. Til dæmis er vart við vöruskort sem gerir líf fólksins verra.

Þrátt fyrir það hvatti Fidel Kastró almenning í ræðu nýlega til að færa "fórnir" og herða sultarólarnar.

Og allt þetta á kúbönsk alþýða að gera til að Sovétríkin nái fremur fram heimsvaldaáformum sínum.

Þessi kúbanska hervæðing sýnir okkur að stríðshættan, hættan á þriðju heimsstyrjöldinni, er meira en orðin tóm.

# HVER STJÓRNAR BSRB- Alþýðubandalagið eða fulltrúar launþega?

Í desember s.l. tók forysta BSRB þegjandi við "almennum félagslegum réttindum", sem raunar hafa komið fram sem skattahækkanir, í stað 8% vísitöluhækkana.

Þá var það líka stefna Alþýðubandalagsins að verðbætur yrðu aðeins 6,1% í stað 14,1%.

Væntanlega þýðir þetta að formaðurinn á við að þrátt fyrir "félagslegar umbætur" 1.des. hafi verið um vísitöluskerðingu að ræða.

Þetta er út af fyrir sig gott og blessað. Batnandi mönnum er best að lifa.

Núna hins vegar þegar AB ætlar að berjast gegn hinum flokkunum í ríkisstjórninni og tryggja sig gegn því að tapa atkvæðum, þá bergmála forystumenn launþega stefnu AB.

Stéttabaráttan ítrekar að batnandi mönnum er best að lifa og er vel ef nú á að stefna að fullri vísitölu, þótt ófullkomin sé.


Ríkisvald "vinstriflokkanna" hefur með samþykki forystumanna stærstu launþegasamtakanna þverbrotið gerða kjarasamninga og það þvert ofan í gefin fyrirheit sín. Lausnir borgaraflokkanna eru alltaf að skerða kjör launafólks. En ætlar nú Kristján Thorlacius formaður BSRB að standa gegn pólitískum ákvörðunum Alþingis og taka upp baráttu fyrir réttindum umbjóðenda sinna? Eða á enn einu sinni að leggja blessun yfir kaupránið?

Nú hefur AB hins vegar snúið við blaðinu og vill knýja fram fullar verðbætur 1. mars.

Þá bregður svo undarlega við að formaður BSRB lætur hafa eftir sér í Vísi: "Að ekki komi til mála að vísitölubætur séu skertar í þriðja sinn".

En er ekki undarlegt hve samhljóma álit AB og forystumanna launþegasamtakanna reynast?

Þegar AB hafði hag af skertri vísitölu þá samþykktu forystumennirnir skerðinguna.

En er ekki undarlegt að afstaða forystumanna launþega ræðst af afstöðu Alþýðubandalagsins?



# Ný lög um húsaleigu

Sú nefnd sem sett var af félagsmálaráðherra á síðasta ári til að endurskoða lög um húsaleigu, hefur nú skilað áliti. Helstu atriði þessara laga eru að með þeim er leigjendum ætlað að hafa heinhvern rétt en þeir höfðu engan áður. Í drögunum hefur nokkuð verið stuðst við samsvarandi lög annars staðar á Norðurlöndum.

Skulu hér tilgreind nokkur atriði úr drögum þessum.

Leigutaka er ætlaður réttur til þess að leigja húsnæði áfram ef hann æskir þess, ef leigusali segir honum upp án þess að ætla að nota húsnæðið sjálfur eða fyrir mjög náinn ættingja. Þetta atriði ætti að draga úr þeim geðþóttauppsögnum á leiguhúsnæði er nú þekkist, en slíkar uppsagnir eru vanalega gerðar til þess að þvinga fram hærri leigu.

Annað atriði er að ekki er hægt að segja mönnum upp nema á fardögum sem eru tvisvar á ári. Uppsagnafrestur lengist líka eftir því sem leigjandinn hefur búið þar lengur, enda má þá ætla að það sé honum erfiðara að flytja.

Látum þetta duga um kostina en snúum okkur að því sem miður er í drögum þessum.

Það er þá fyrst og fremst fyrirframgreiðslan. Gert er ráð fyrir í drögunum að hún geti verið allt að fjórðungur leigutímabilsins (t.d. tveggja ára samningur gæfi heimild til hálfs árs fyrirframgreiðslu). Einnig er þar fjallað um tryggingarfé sem leigjandi leggi fram. Bæði þessi atriði eru með öllu óhæf, ekki síst í okkar verðbólguþjóðfélagi.

Þessi lög eru vissulega fram för þrátt fyrir ýmsa galla. Til að bæta úr þeim og tryggja að hinar jákvæðari hliðar verði meira en aðeins málamyndaréttlæti verður allur fjöldi leigjenda að taka þátt í baráttu sinni.

Leigjendur hafið samband við Leigjendasamtökin og skráið ykkur í starfshópa. Með baráttu fjöldans vinnst sigur á óréttlætinu, annars ríkir ranglætið áfram.

Sími Leigjendasamtakanna er 27609 og er opið þar frá kl 13 - 17 virka daga.